



Eldgosi mætt með aukinni tækni



Ljósmynd: Bernhard Kristinn

Icelandair Group hefur nú fest kaup á flugvél af gerðinni Golden Eagle sem verið er að útbúa til loftlagsrannsóknna í tengslum við eldgos. Verið er að vinna að því að fá fleiri hagsmunaaðila og Védurstofuna að verkefninu.

Að sögn Hilmars Baldurssonar, flugrekstrarstjóra Icelandair ehf. verður flugvélin nýtt til að mæla gosösku og í hana verður settur sérstakur búnaður og verður vélin ávallt til reiðu þegar eldsumbrot byrja. Til viðbótar við gosöskumæli hafa komið fram hugmyndir um að setja í hana búnað til mæla aðrar lofttegundir, eins og t.d. SO_2 (sulfur dioxide) mengun í kringum gosið.

Erlendir aðilar sem eru að hanna búnað til að mæla gosösku hafa óskað eftir samstarfi til að setja búnað um bord sem verður prófaður við raunadstæður og þróaður áfram. Flugvélin er sömu gerðar og Breska védurstofan á og notar í sama tilgangi.



Fjórir kostir orlofshúsa
bls 2

FÍA í heimsókn hjá ITF
bls 2

Kortleggja verktöku í Evrópu
bls 3

Ársfundur IFALPA
bls 3

Hagsmunaaðilar gegn hentifána
bls 4

Fjórir kostir í boði í vetur

Íbúðin á Akureyri ekki í lengur í boði en leitað að annarri

Nú er sumarorlofstíminn að klárast og vetrarleiga skýjaborga handan við hornið en búið er að opna fyrir bókanir fyrir tímabilið.

Sumarið var nokkuð vel bókað að endingu en það kom á óvart hversu fáir nýta sér að sækja um, eða 9% félagsmanna. Af þeim sem sóttu um fengu 80% úthlutað.

Við fórum í ákveðnar breytingar í Kjarnaskógi síðastliðið vor en við skiptum um eldhúsinnréttingu, parket og heita pottinn ásamt ýmsu öðru.

Sala á eldra húsinu í Reykjaskógi (R1) lauk á vormánuðum en nýjir eigendur er starfsmannafélag LHG.

Orlofskostir veturinn 2014-2015 verða: Kjarnaskógur, Reykjaskógur 2, Húsafell og Stykkishólmur. Íbúðin í Hafnarstræti á Akureyri, sem við höfum leigt, verður ekki í boði í vetur. Við leitum að annari íbúð á Akureyri til kaupa en þá kynnum við það sérstaklega.



Um gengni um húsin okkar á alltaf að hnykkja á í pistlum eins og þessum. Yfirleitt er umgengnin til fyrirmyndar en þó kemur það of oft fyrir að kvartað sé yfir lélegum frágangi og tómun gaskútum. Það á að skilja við húsin eins og maður vill taka við þeim.

Við minnum á orlofsvefinn www.orlof.is/fia og eins tölvupóstinn okkar með ábendingar og annað - skyjaborgir@fia.is

Við minnum á að opnað var fyrir umsóknir fyrir veturinn 2014-2015, þriðjudaginn 09.09.2014.

Verðið er óbreytt milli ára eða 20 þús helgarleiga og sólarhringurinn á 3000kr, þó aldrei hærri en 30 þúsund vikan.

Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Kjartan Jónsson
kj@fia.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Mats Wibe Lund - myndasafn.is
Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

september 2014

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

FÍA í heimsókn hjá ITF



Fulltrúar FÍA heimsóttu aðalstöðvar ITF Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins í Lundúnum í maí s.l. Þetta var í fyrsta sinn sem FÍA fer formlega til fundar með ITF eftir að stéttarfélag okkar gerðist aðili að sambandinu fyrir nokkrum árum síðan. Fundur þessi nýttist meðal annars til að

F.v.: Jóhannes Bjarni Guðmundsson, Þorsteinn Kristmannsson, Gabriel Mocho Rodriguez framkvæmdastjóri flugdeildar ITF og Kemal Ulker.

fara yfir stuðningsaðgerðir ITF vegna kjaradeilu FÍA og Ícelandair sem þá stóð yfir.

Kortleggja verktöku meðal flugmanna í Evrópu.

Skoðanakönnun um verktakaflugmenn að hefjast:



Nú í byrjun september fer af stað skoðanakönnun á netinu sem ætlað er að kanna verktakamennsku meðal flugmanna í Evrópu og mögulega „gervi-verktöku“ eins og það hefur verið kallað. Könnunin verður unnin af hálfu Alþjóðlegar rannsóknarstofnunar við Ghent háskólann í Belgíu (International Research Institute on Social Fraud of the Ghent University), en skoðanakönnunin er bara einn liður í umfangsmikilli rannsókn á þessu sviði.

Það er sameiginleg nefnd hagsmunaaðila í flugi í Evrópu (social dialogue committee) sem stendur að gerð þessarar könnunar og fá til þess styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Nefnd sem þessi getur haft mikið að

segja gagnvart stjórnvöldum í Evrópu ef hagsmunaaðilar innan ákveðinnar greinar eins og flugsins ná SAMEIGIN-LEGRI niðurstöðu. Ef allir hagsmunaaðilar eru sammála þá eru stjórnvöld bundin af því að taka mark á niðurstöðu þeirra. ECA, Evrópusamtök flugmannafélaga er virkt innan þessarar sameiginlegu nefndar og ECA býður niðurstöðu þessarar rannsóknar með eftirvæntingu. Niðurstöðurnar munu án efa hafa mikil áhrif á framtíðarstefnu ECA um það hvernig samtökin muni helst vinna að þessum málaflokki, m.a. við að koma í veg fyrir að „gerviverktaka“ þrífist meðal flugfélaganna. Rétt er að hvetja alla sem þekkingu hafa á verktöku og „gerviverktöku“ í fluginu að taka þátt í þessari könnun. Markmiðið er að ná til ekki færri en 10% af fjölda flugmanna í Evrópu. Að öllum líkindum verður hægt að komast á vefsvæði fyrir könnuna í gegnum heimasíðu FÍA eða með því að skanna inn ofangreindan QR kóða þegar könnunin er hafin, sem væntanlega verður nú í byrjun september 2014.



Ársfundur IFALPA



Ársfundi IFALPA lauk þann 31. mars 2014 í Panama þar sem saman komu nokkur hundruð fulltrúar frá stéttarfélögum flugmanna víðs vegar að úr heiminum. Fjallað var um helstu hagsmunamál stéttarinnar á heimsvísu og mörkuð stefna fyrir sambandið

næstu misserin. Einnig voru samhliða haldnir fundir í hverjum hinna fimm heimshlutasamtaka sem mynda IFALPA, sem er ECA í Evrópu og FÍA á aðild að. Hér meðfylgjandi er yfirlit frá fulltrúa Evrópu í stjórn IFALPA um það sem helst var á döfinni innan

ECA á síðasta ári. Þetta gefur dálitla innsýn í hvaða vinna hefur verið í gangi á okkar svæði. Hafsteinn Pálsson formaður FÍA og Jóhannes Bjarni Guðmundsson formaður Alþjóðanefndar sátu IFALPA fundinn f.h. FÍA.

Hagsmunaaðilar sameinast gegn „hentifánaflugfélögum“

Launþegar og atvinnurekendur snúa bökum saman



Á ráðstefnu ECA í júní var kynnt merkileg yfirlýsing sem vonandi er tímamótaskjal. Undir þessa yfirlýsingu skrifa full-

trúar bæði launþega og atvinnurekanda í í flugheiminum og sameinast í að vara við þeirri þróun sem er í flugheiminum og líkja má við hentifánastefnu sem lengi hefur þekkt í kaupskipaflotanum. Hentifánastefnan má segja að lýsi þeirri tilhneigingu fyrirtækja að leita uppi svæði þar sem er lægsta skattbyrðin, slakt regluverk og léleg réttindi launþega. Flugfélög sem sækja í slíkt grafa undan jafnri samkeppni. Þau koma sér jafnvel undan reglum sem önnur félög verða að fara eftir og launþegar njóta ekki réttinda sem almennt tíðkast í Evrópu. Yfirlýsingin er birt hér í Fréttabréfinu.



Vegna Ebólufaraldurs

Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) gaf út í dag 7. ágúst 2014 yfirlýsingu og í framhaldi leiðbeinandi reglur varðandi ebólufaraldur þann er nú geislar í Vestur Afríku

<http://www.who.int/mediacentre/news/statements/2014/ebola-20140808/en/>

States should ensure that appropriate medical care is available for the crews and staff of airlines operating in the country, and work with the airlines to facilitate and harmonize communications and management regarding symptomatic passengers under the IHR (2005), mechanisms for contact tracing if required and the use of passenger locator records where appropriate.

Ebólufaraldurinn er bundinn við fjögur lönd í Afríku, þ.e. Líberíu, Sierra Leone, Gíneu og Nígeríu. Ekki hefur verið sett ferðabann á þessi lönd en vert er að viðhafa varúð þegar ferðast er til þeirra. Mikilvægt er talið að einstaklingar með einkenni ferðist ekki og er markvissri

hitaskimun beitt á alþjóðaflugvöllum þessara ríkja, svo og á þeim landamærastöðvum þar sem því verður við komið. Sjúkdómurinn smitast við snertingu, snertismit, en ekki úðasmit. Nána snertingu og langvarandi samneiti við sjúklinga þarf til, enda eru þeir sem smitast nánustu ættingjar sjúklinga eða heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir umönnun þeirra.

Hvað varðar flugáhafnir er fljúga inn til þessara fjögurra landa má lesa eftirfarandi úr yfirlýsingu WHO:

Ekkert er sagt nánar um samneiti áhafnar og farþega, en réttast væri að í þeim flugvélum sem flygu inn á þessi fjögur lönd, væri eitt salerni frátekið fyrir áhöfn. Hvað varðar önnur flug til landa í Afríku og þá allra annarra landa, er gott að viðhafa viðbótar hreinlæti og spritta hendur eftir allar snertingar utan flugstjórnarklefa. Ef sérstakur grunur leikur á að sýktur einstaklingur sé um borð, má bæta við notkun einnota hanska og andlitsgríma.

Hannes Petersen læknir

Joint Declaration against EU-based Flags of Convenience in Aviation
as endorsed by the Air Crew Working Group of the Sectoral Social Dialogue Committee,
5 June 2014

During the Plenary meeting of the Sectoral Social Dialogue Committee for Civil Aviation held on 5 June 2014, the European social partners of the Air Crew Working Group present at meeting expressed their concern with recent developments in the aviation industry that seriously threaten the European social model, employment, and fair competition in the aviation market.

At issue is a new 'business model' that makes use of a "flag of convenience" in Europe, resulting in a distortion of social conditions and competition. A precedent for this business model is currently being set by a non-EU airline that has obtained an operating license in an EU Member State despite having no substantial aviation activities in that country and without planning to have any base within the EU.

European airlines provide extensive and comparatively decent employment in Europe in contrast to the history of decline in the European maritime sector – here the past permissive attitude towards the use of flags of convenience has been devastating to industry and employment alike, and must be taken into account to avoid significant aviation job losses in Europe.

This deliberate choice of establishment in a Member State in order to avoid the social laws of another country is what defines a "flag of convenience" – a phenomenon unanimously condemned by the international community. Furthermore replacing local crews with non-European Economic Area (EEA) workers, subject to lower terms and employment conditions, amounts to social dumping at the expense of the European social security systems and the employees. This cannot be tolerated within the EU.

The European social partners of the Air Crew Working Group urged the European Commission to decisively stop this kind of development before it spreads.

The European social partners of the Air Crew Working Group called upon the European Parliament, the Council of Ministers and the Commission to take urgent action to:

- Prevent the development of EU-based flags of convenience in aviation, or the importing of non-EU flags of convenience in the sector, and
- Revise Regulation 1008/2008 including the definition of « place of business » to ensure that EU operating licences can only be issued in the country where the operator has substantial aviation activities, including a substantial number of flights, crews and bases in line with existing case law and other EU legislative measures. Following that the requirement in recital 9 of this regulation on national and Community social legislation should be rendered mandatory, and
- Ensure that the aviation authority who delivers the AOC to the airline is required to assess the effective base of the crew and undertakes regular checks, and
- Co-ordinate and revise legislation on visas and work permits for non-EEA based crews to prevent any possible illegal use of foreign workers on board EU registered airplanes operating in or from the EU. This should include a revision of Directive 2011/98 EU (single permit directive) to extend its application to mobile workers in civil aviation.

Those urgent changes are a crucial first step to ensure the credibility of the European Union's determination, both in Europe and internationally, to build fair and open aviation markets and to guarantee the competitiveness of the European industry and the preservation of European jobs.

The Chair



Emmanuel Jahan

The Vice-Chair



Jon Horne

Note: AEA's position with respect to this declaration is most accurately reflected in its submission filed in the US DOT docket on the case of Norwegian air international.

Samgönguáætlun gagnrýnd

Öryggisnefnd félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA) hefur nú í sumar verið að kynna sér drög að samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016.

Ljóst er að áætluð fjárframlög til þess málaflokks sem snýr að viðhaldi flugvalla, flugvallamannvirkja og leiðsögutækjabúnaðar eru hvergi nærri nóg.

ÖFÍA hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem þessi málaflokkur er í og sendi nefndin bréf þess efnis til Umhverfis- og samgöngunefndar ásamt því að afrit af bréfinu var sent á Innanríkisráðuneytið.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna

Icelandic Airline Pilots Association

HLÍÐASMÁRA 8 - 201 KÓPAVOGUR - ICELAND - Kt. 530169-3839 - Sími/Tel. (+354) 599 1199 - Fax (+354) 599 1190

Netfang/E-mail: fia@fia.is - Vefsíða/Homepage: <http://www.fia.is>



Kópavogi 09.09.2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Samgönguáætlun 2013-2016

Öryggisnefnd félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA) hefur verið að kynna sér drög sem liggja fyrir varðandi endurskoðaða samgönguáætlun og óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri;

Á árunum 2010-2013 jukust tekjur ISAVIA úr tæpum 13 milljörðum króna í um 20 milljarða króna. Tekjur af alþjóðafluginu námu um 3,3 milljörðum króna á árinu 2013. Íslenska flugstjórnarsvæðið er með þeim stærstu á jörðinni og mun stærra en Þjóðinni ber landfræðilega og alþjóðaflugþjónustan skapar miklar tekjur og sérhæfð störf. Í þessu sambandi vill ÖFÍA minna á skýrslu Oxford Economics frá árinu 2012 um flugstarfsemi á Íslandi. Þar kemur fram að flugrekstur stendur undir 6,6% af landsframleiðslu.

Innanlandsflug er enn mikilvægur þáttur í samgöngum á Íslandi og einnig hefur millilandaflug aukist mikið á síðustu árum. Egilsstaðaflugvöllur ásamt Akureyrarflugvelli eru aðal varaflugvellar fyrir innanlands- og utanlandsflugið. Með aukinni flugumferð er mikilvægt að þessir flugvellar séu í stakk búnir til að taka við þessari umferð ef svo skildi fara að flugvellirnir í Keflavík og Reykjavík skildu lokast. Það kom best í ljós við eldgosið í Eyjafjallajökli hvað flugvöllurinn á Akureyri var mikilvægur.

Í umsögn umdæmisstjóra ISAVIA á Austurlandi til Umhverfis- og samgöngunefndar kemur meðal annars fram að þörf sé á að malbika flugbrautina á Egilsstöðum því að erfitt sé orðið að halda bremsuskilyrðum þar viðunandi á veturna. Í sömu umsögn kemur fram nauðsyn þess að stækka flughlaðið á Egilsstöðum því mun fleiri flugrekendur nota Egilsstaði sem varaflugvöll fyrir Keflavík heldur var fyrir nokkrum árum. Komið hefur fram í fréttum að vöntun er á fjármagni í sömu framkvæmdir við flughlaðið á Akureyrarflugvelli.

Miðað við þau drög sem liggja frammi þá er það álit ÖFÍA að mikil vöntun sé á fjármagni í þann málaflokk sem snýr að viðhaldi flugvalla, flugvallamannvirkja og leiðsögutækjabúnaðar.

ÖFÍA skorar á Umhverfis- og samgöngunefnd að taka þessar ábendingar til skoðunar og sjá til þess að viðunandi fjármagni sé veitt til viðhalds flugvalla, flugvallamannvirkja og leiðsögutækjabúnaðar þeim tengdum.

Virðingarfyllt,

Steinþór Páll Ólafsson

Formaður ÖFÍA

Afrit sent: Innanríkisráðherra

Member of: The International Federation of Air Line Pilots' Associations (IFALPA)
Nordiska Transportarbetarefederationen (NTF)
Global Cabin Air Quality Executive (GCAQE)
International Transport Federation (ITF)
European Cockpit Association (ECA)

Það er enn ekki orðið of seint að nýta sér „leiðréttinguna“

Þau úrræði ríkisstjórnarinnar um skuldaleiðréttingu sem gjarnan eru nefnd „leiðréttingin“, snúa annars vegar að niðurfærslu ríkisins á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar um heimild til að nýta iðgjöld viðbótarlífeyrissparnaðar til að greiða skattfrjálst inn á höfuðstól húsnæðislána eða sem framlag til húsnæðissparnaðar. Nú er umsóknarfrestur um niðurfærslu ríkisins á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána liðinn en enn er hægt að sækja um þann hluta úrræðisins sem snýr að skattfrelsi viðbótarlífeyrissparnaðar.

Skattfrjáls greiðsla inn á lán – heimild fram á mitt ár 2017

Samkvæmt „leiðréttingunni“ má nýta iðgjöld sem greidd eru í viðbótarlífeyrissparnað til að greiða skattfrjálst inn á lán í þrjú ár, eða frá 1. júlí 2014 til og með 30. júní 2017. Umsóknarfrestur til að nýta iðgjöld frá 1. júlí er liðinn en hægt er að sækja um að nýta iðgjöld sem greidd verða eftirleidis, innan áðurnefndra tímamarka. Þeir sem enn eiga eftir að sækja um geta gert það á vef ríkisskattstjóra www.leidretting.is.

Skattfrelsi húsnæðissparnaðar

Þeir sem ekki eiga íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á að taka skattfrjálst út inneign úr viðbótarlífeyrissparnaði sem myndast hefur frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, upp að ákveðnu marki, til þess að nýta sem greiðslu upp í íbúð. Þetta úrræði þarf ekki að sækja um sérstaklega fyrir en húsnæði hefur verið keypt eða byggt en skilyrði er að greiða í viðbótarlífeyrissparnað til að eiga möguleika á þessari ráðstöfun. Nýta má inneign sem safnast á þriggja ára tímabili „leiðréttingarinnar“ sem skattfrjálsa greiðslu við kaupsamning, í síðasta lagi 30. júní 2019.

Eftir nokkru að slægjast

Fjárhæðarmörk „leiðréttingarinnar“ miðast við 500.000 krónur á ári fyrir einstaklinga og 750.000 krónur á ári fyrir hjón, eða samskattaða aðila. Þessar fjárhæðir má leggja árlega inn á höfuðstól húsnæðislána eða leggja



fyrir til húsnæðiskaupa í þrjú ár án þess að af þeim sé greiddur skattur. Óhætt er því að segja að eftir nokkru sé að slægjast, enda óvíða hægt að fá jafn trausta og örugga ávöxtun á sparifé sitt. Hver og einn verður þó að sjálfsögðu að gera upp við sig hvort hann telji fé sínu betur varið í áframhaldandi ávöxtun til elliáranna. Sérstaklega skal á það bent að fé í séreignarsjóði er í skjóli gegn innheimtumönnum ýmiss konar og því ættu þeir sem sjá fram á verulega fjárhagserfiðleika að hugsa sig vel um áður en þeir nýta sér þetta úrræði.

Hvað þarf að hafa í laun?

Til þess að nýta úrræðið að fullu þarf einstaklingur að hafa 694.444 krónur í mánaðarlaun, eða hjón samanlagt 1.041.667 krónur. Í tilfelli einstaklingsins getum við sannreynt þetta með því að reikna 6% af 694.444 krónum, sem gerir 41.667 krónur á mánuði, eða 500.000 krónur á 12



mánuðum, sem er sú hámarksfjárhæð sem nýta má árlega næstu þrjú árin. Þeir sem lægri hafa launin geta aðeins nýtt úrræðið að hluta en hámark þess miðast við 6% af launum.

Til athugunar fyrir félagsmenn FÍA

Ákveðin skilyrði fylgja því að nýta megi iðgjöld til viðbótarlífeyrissparnaðar í þessu skyni og sérstaklega er ástæða til að benda félagsmönnum FÍA á skiptingu iðgjalda milli framlags launagreiðanda og launþega. Af því 6% hámarki af launum sem lagt er í viðbótarlífeyrissparnað, þurfa 4% að koma frá launþega sjálfum og 2% frá launagreiðanda. Jafnframt er það sett sem skilyrði að launþegi greiði sjálfur að lágmarki 2% af launum, eða til jafns við launagreiðanda. Einhverjir kunna að fá framlag frá launagreiðanda inn í viðbótarlífeyrissparnað sinn, sem hluta af kjarasamningi, án þess að leggja sjálfir til framlag á móti og uppfylla þar með ekki þetta skilyrði fyrir þátttöku í úrræðinu. Mikilvægt er fyrir þá félagsmenn sem hafa hug á að nýta sér úrræðið að ganga úr skugga um að þeir eigi samning um viðbótarlífeyrissparnað og séu sjálfir að ráðstafa iðgjöldum í þann sparnað.

Ungt fólk og lífeyrismál

Við sem störfum að lífeyrismálum vonum að úrræði ríkisstjórnarinnar veki þjóðina til vitundar um lífeyrismál og mikilvægi þess að leggja fyrir. Næstu þrjú árin er hægt að ná áþreifanlegu skattahagraði með því að nýta sér „leiðréttinguna“ og eftir það ættu augu fólks að opnast fyrir mikilvægi þessa sparnaðarforms. Það er hins vegar staðreynd að ungt fólk hefur takmarkaðan áhuga á lífeyrismálum. Ég vil því sérstaklega hvetja félagsmenn FÍA til að nota hvert tækifæri til að uppfæra ungdóminn um þessi mikilvægu mál. Með auknum lífaldri, framförum í læknávisindum og almennt meiri lífsgæðum, skiptir meira máli en nokkru sinni fyrir að búa í haginn fyrir efri árin. Huga þarf að þessum málum í tíma. Það kann að verða orðið of seint þegar áhuginn á lífeyrismálum loks kviknar.

Staða samningamála FÍA



Þetta ár hefur verið viðburðaríkt í samningamálum hjá FÍA. Í maí var gengið frá samningi við flugfélagið Atlanta en sá samningur gildir til 31. desember 2014. Þá var gerður stuttur samingur við Icelandair Group hf./Icelandair ehf. sem gildir til 30. september 2014, viðræður eru nú að hefjast vegna endurnýjunar þess samnings. Þá var samið við Flugfélag Íslands, einnig til 31. desember 2014. Landhelgisgæslan gekk frá samningi við FÍA með sama gildistíma og Icelandair.

Nú nýverið var skrifað undir samninga við flugskólana Flugskóla Íslands, Flugskóla Akureyrar, Geirfugl og Keili Flugakademíu, eftir er að ljúka kosningu um þá samninga til að þeir geti tekið gildi.

Þá eru í gangi viðræður við Norlandair og flugfélagið Ernir.

Fundur norrænna flugmannafélaga í Hlíðasmáranum



flyg tryggt med

Svensk Pilotförening



Norsk Flygerforbund

Fundur stéttarféлага flugmannafélaga á Norðurlöndunum verður haldinn á Íslandi í byrjun október n.k. Slíkir fundir hafa verið haldnir síðustu árin og þótt gefast vel til að ræða sameiginleg hagsmunamál og bera saman bækur varðandi samstarf innan ECA og IFALPA. Von er á 15 til 20 manns hingað til lands af þessu tilefni og er ætlunin að fundurinn verði haldinn í Grjónesi í FÍA.

Uppsagnir flugmanna hjá Icelandair - Nýráðningar í sjónmáli

Icelandair Group hf. hefur nú sagt upp starfi sextíu og fjögurra flugmanna og taka þær uppsagnir gildi þann 1. október n.k. Þetta eru flugmenn sem ráðnir voru til starfa árin 2012-2014 sem þurfa að fara í vetrarupsögn að þessu sinni. Jafnframt hefur stöðum þrjátíu og sex flugstjóra verið sagt upp og færast þeir í sæti flugmanns þann sama dag.

Á sama tíma er fyrirtækið að tilkynna um aukningu á flugi næsta sumar og má þá reikna með að komi til nýráðninga flugmanna í vetur fyrir sumarið en samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins til kauphallar verða tveimur fleiri þotur í rekstri næsta sumar en voru nú í sumar.

